

Nefndasviðs Alþingis,  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/141**  
**komudagur 16.10.2012**

Reykjavík, 16. október 2012

**Varðar: Umsögn um frumvarp til efnalaga, 88. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu skila hér með sameiginlegri umsögn um frumvarp til efnalaga. Samtökin fagna því að lagt sé fram heilsteypt frumvarp til efnalaga. Miklar breytingar hafa orðið á löggjöfinni undanfarin ár og heildarendurskoðun er tímabær. Frumvarpinu er ætlað að innleiða í íslenskan rétt langa og mikla reglugerðatexta í samræmi við löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu. Mikilvægt er að regluverkið sé sambærilegt hér á landi til að tryggja jafnræði atvinnustarfsemi á svæðinu og frjálst flæði vöru.

Samtökin styðja tillögu um að eftirlit verði að fullu á ábyrgð og undir stjórn Umhverfisstofnunar. Margir þeirra sem flytja inn eða selja hættuleg efni þurfa ekki starfsleyfi vegna annarra þátta í sinni starfsemi og erfitt hefur reynst að útfæra eftirlitið í gegnum heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Mikil einföldun felst í að einn aðili hafi yfirlit um stöðu mála og eftirlit verði almennt markaðseftirlit, óháð starfsleyfum. Þannig má bæta yfirsýn, samræma eftirlit á landinu öllu og beina eftirlitinu þangað sem þörfin er mest. Með nýrri löggjöf hefur krafa um upplýsingagjöf fyrirtækja aukist og það kallar á aukna sérhæfingu eftirlitsaðila sem auðveldar er að byggja upp ef stjórnin er á einni hendi. Áfram er gert ráð fyrir samstarfi við aðra eftirlitsaðila, þ.m.t. heilbrigðiseftirlit.

Skilgreining á náttúruverndarsvæði í 3. gr. er mun víðtækari en skilgreining í núgildandi náttúruverndarlögum, sem og skilgreining í drögum að nýjum náttúruverndarlögum sem Umhverfissráðuneytið lagði fram til umsagnar í september síðastliðnum. Lagt er til að gildandi skilgreiningu sé fylgt. Sérstaklega er því mótmælt að verndar- og orkunýtingaráætlun sé viðmiðun í þessu sambandi, enda markmið hennar og hlutverk annað. Það er ekkert sem bannar landbúnað á svæðum sem falla undir verndarflokk í rammaáætlun svo dæmi sé tekið.

Lagt er til að 12. gr. falli á brott enda er tekið á þessu atriði í lögum um umhverfisábyrgð. Greinin í frumvarpinu bætir engu við.

Lagt er til að í 1. mgr. 28. gr. standi „... skulu birgjar veita viðtakanda hlutarins upplýsingar sem þeir hafa yfir að ráða sem nægir til að nota megj hlutinn á öruggan hátt, að lágmarki heiti efnisins.“ Í 2. mgr. standi á sambærilegan hátt „...veita neytandanum upplýsingar sem birgirinn hefur yfir að ráða sem nægir til að nota megj hlutinn á öruggan hátt, að lágmarki heiti efnisins.“ Þetta er til að gæta samræmis við tilskipun 1907/2006 en þar stendur „... shall provide the recipient of the article with sufficient information, available to the supplier, to allow safe use of the article including, as a minimum, the name of that substance“.

Tvítækning er í 1. mgr. 49. gr. og 50. gr. Báðar málsgreinar kveða á um að afhenda skuli Umhverfisstofnun sýni endurgjaldslaust. 50. gr. er því óþörf, enda er ítarlega fjallað um málsmeðferð í 49. gr.

Í 60. gr. og 64. gr. er að finna ákvæði um að brot gegn lögum geti varðað stjórnvaldssektum og einnig almennum sektum eða fangelsi. Samtökin hafa miklar áhyggjur af því að með slíkum ákvæðum geti komið upp sú staða að mönnum sé gerð tvöföld refsing fyrir sama brot og að réttur manna til að ljúka máli á stjórnarsýslustigi sé af þeim tekinn.

Lagt er til að fyrsti málsliður 64. gr. orðist svo: „*Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi.*“ Þannig verði lagt í hendur dómstóla að meta refsinguna með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Að öðrum kosti verði gáleysið að teljast stórfellt til að varða sektum eða fangelsi.

Leyfisveitingar samkvæmt frumvarpinu eru umfangsmiklar og er m.a. fjallað um markaðsleyfi, notendaleyfi, eiturefnaleyfi og tilkynningar um starfsemi. Samtökin fagna því að mikil einföldun felst í frumvarpinu, flokkum leyfa er fækkað og útgáfuaðilum einnig. Leyfisveitingar eru nú í betra samræmi við nágrannalöndin.

Lagt er til að eiturefnaleyfi, sem nefnd eru í 7. gr. og 23. gr. frumvarpsins og nú eru gefin út skv. lögum nr. 46/1980, verði felld undir efnalögin og að Umhverfisstofnun sjái um útgáfu þeirra. Þannig sjái einn aðili um leyfisveitingar og aðra afgreiðslu vegna laganna. Engin eðlismunur er á notendaleyfum og eiturefnaleyfum, í báðum tilvikum er um að ræða leyfi til fagnotenda til notkunar sérlega hættulegra efna. Flækjustigið er ærið fyrir þótt skipting verkefna í stjórnarsýslunni bætist ekki við.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka iðnaðarins



f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu